

Spurningar og svör

Nr.	Spurning	Svar
1	Hlutdeild Samherja/annarra hluthafa/tengdra aðila í tekjum félagsins. Þ.e. sala til slíkra aðila á hráefnum/þjónustu.	Sala til félaga innan samstæðu Samherja, að söluþyrirtækinu Ice Fresh Seafood undanskildu, á hráefnum/þjónustu árið 2020 nam um 4,1% af sölu samstæðunnar.
2	Hlutdeild Samherja/annarra hluthafa/tengdra aðila í kostnaði við hráefniskaup félagsins. Þ.e. kaup af slíkum aðilum á hráefni/þjónustu.	Kaup af félögum innan samstæðu Samherja, að söluþyrirtækinu Ice Fresh Seafood undanskildu, á hráefnum/þjónustu árið 2020 nam um 4,4% af sölu samstæðunnar.
3	Skipting tekna 2015-2020 eftir fisktegundum.	Félagið birtir ekki rekstrartekjur sundurliðaðar eftir fisktegundum. Í útgefandalýsingu félagsins verður að finna upplýsingar um aflaverðmæti í uppsjávartegundum eftir tegundum (í grein 3.6.2.3) og skiptingu á söluverðmæti bolfisks eftir tegundum (gr. 3.7.5.)
4	Skipting kostnaðarverðs seldra vara undanfarin ár - ekki uppgefið í reikningum félagsins.	Félagið birtir ekki sundurliðun á kostnaðarverði seldra vara
5	Söluþóknun til tengdra aðila (Samherja) og nánari samanburður við það sem gengur og gerist á markaði.	Forráðamenn félagsins telja söluþóknun vera sambærilega við það sem gerist á markaðnum (e. market standard). Viðskiptasambandið er milli Síldarvinnslunnar og kaupandans. Samningurinn við Ice Fresh Seafood er umsýslusamningur.
6	Töflur sem sýna raunmat félagsins á virði aflaheimilda /óefnislegra eigna m.v. vænt markaðsverð aflaheimilda.	Síldarvinnslan áformar að nýta aflaheimildirnar í eigin rekstri og hafa af þeim rekstrarafkomu til framtíðar og hefur því ekki framkvæmt mat á virði þeirra miðað við vænt markaðsverð aflaheimilda. Það er enda óljóst hvert vænt markaðsverð væri við sölu á miklu magni aflaheimilda, ólíkt því þegar smærra magn aflaheimilda skiptir um hendur og kaupandi verðleggur viðskiptin að teknu tilliti til hagræðis og samlegðaráhrifa sem hann hefur við rekstur sinn. Nær er að líta svo á að um jaðarverð sé að ræða í slíkum viðskiptum.
7	Í kynningu var gefið yfirlit yfir þegar samþykktar fjárfestingar fyrir árið 2021 – m.v. reynslu fyrri ára, eru aðrar fjárfestingar sem búast má við að bætist við sem ekki eru tilgreindar í kynninguni?	Stækkun í Neskaupstað er í heildina áætluð um USD 40 m. sem dreifist yfir 2021-2023. Þar af eru um USD 18 m. inni í áætlun 2021. Breytingar á skipakosti eru alltaf til skoðunar hjá félaginu.

Spurningar og svör

Nr.	Spurning	Svar
8	NIBD/EBITDA ¹ 1,2x eftir að gert hefur verið ráð fyrir arði og fjárfestingum – hefur félagið sett sér eitthvað takmark hvað þennan stika varðar? Er 1,2x hærra eða lægra en það takmark?	Samkvæmt arðgreiðslustefnu Síldarvinnslunnar skal arðgreiðsla taka mið af því að eiginfjárlutfall félagsins fari ekki niður fyrir 50% við greiðslu arðsins. Ekki er tölusett viðmið um NIBD/EBITDA.
9	Þar sem ársreikningar sem gefnir voru út fyrir 2020 hafa ekki verið endurskoðaðir m.v. IFRS, getur félagið gert grein fyrir helstu (tölulegum) áhrifum breyttra reikningsskila á árin 2019/20 (í þeim tilgangi að fjárfestar geti betur áætlað breytingar sem hugsanlega hefðu komið til fyrri ár). Hagkvæmast væri ef gefið væri gróft mat á slíkri leiðréttingu fyrir fyrri ár.	Sjá skýringu 2.24 í samstæðureikningi 2020 um breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu - Innleiðing IFRS.
10	Hefur félagið ekki horft til þess að nota EBIT í meira mæli sem viðmið í kennitölum eftir IFRS breytingu (vegna þess að nú er EBITDA orðið ómarkvissari mælikvarði til samanburðar við félög sem sinna svipaðri starfsemi en haga fjármögnun sinni með öðrum hætti en SVN).	Það hefur ekki verið rætt innan félagsins.
11	Hefur félagið markað sér stefnu hvað varðar sölu og/eða förgun eldri skipa?	Við sölu á eldri skipum hefur Síldarvinnslan selt í gegnum skipamiðlara. Skip eru auglýst til sölu innanlands og utanlands, m.a. á sérstökum vefsvæðum. Undanfarin tíu ár hefur skip ekki verið selt í niðurrif. Seld skip hafa farið í áframhaldandi notkun. Síldarvinnslan hefur ekki markað sér stefnu um förgun eldri skipa.
12	Getur félagið gert nánari grein fyrir fjármögnun hlutafjäreignar stjórnenda Síldarvinnslunnar í félaginu (í gegnum L1197 og Hraunlón)?	Hraunlón ehf. er í eigu L1197 ehf. sem er 60% í eigu forstjóra Síldarvinnslunnar, 20% í eigu fjármálastjóra Síldarvinnslunnar og 20% í eigu yfirmanns landvinnslu Síldarvinnslunnar. Kjálkanes veitti L1197 ehf. lán fyrir helmingi kaupverðs Hraunlóns ehf. Hraunlón er seljandi hlutafjár í fyrirhuguðu almennu útboði og áformar að greiða upp framangreint lán í kjölfar útboðsins.
13	Hvaða áhrif hefur 10% styrking íslensku krónunnar á móti USD á rekstur félagsins?	Við styrkingu krónunnar þá hækkar innlendur kostnaður í erlendri mynt talið. Af 10% styrkingu krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum - USD, NOK, EUR og GBP eru þeir helstu – myndi framlegð lækka u.þ.b. USD 10 m. Tekjur, hráefni, sjómannaalaun, fiskverð, olía og aflagjöld eru allt liðir sem hreyfast með breyttu gengi. Varðandi næmnigreininguna í skýringu 23.1 a í samstæðuársreikningi 2020, þá sýnir hún næmni efnahagsliða, skv. stöðu í lok hvers árs, fyrir styrkingu USD gagnvart öðrum gjaldmiðlum.
14	Hver eru vaxtakjör langtímaskulda?	Vaxtaberandi lán samstæðu Síldarvinnslunnar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum: USD 46%, EUR 29%, NOK 12%, GBP 9% og JPY 4%. Vaxtaálag ofan á grunnvexti er að meðaltali 1,9%.

2 ¹⁾ Hlutfallið á milli i) vaxtaberandi skulda að frádregnu handbæru fé (e. *Net Interest Bearing Debt*) og ii) hagnaðar fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (e. *Earnings Before Interest, Taxes, Depreciation, and Amortization*)